Samráðsgátt stjórnvalda – Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Umsjónaraðili: *Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla.*
Drög að frumvarpi til laga
Mál nr. S-204-2026

Búðardal, 27.10.2026
Málsnr. 2610029

EFNI: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kílómetragjald á ökutæki, nr. 100/2025 (lagaumgjörð og innheimta gjaldsins)

Dalabyggð vill ítreka fyrri umsögn sveitarfélagsins við mál S-164-2026, dags. 11.09.2026 þar sem komið var á framfæri afstöðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Dalabyggðar telur þessa álagningu einfaldlega vera landsbyggðarskatt. Gjaldið bitnar mest á þeim sem þurfa að keyra lengst, búa við lélega innviði eða þurfa að nýta t.d. flutningsþjónustu í nokkrum mæli. Dalabyggð er landbúnaðarhérað og munu bændur geta búist við hækkun aðfanga s.s. vegna flutnings á fóðri, áburði o.s.frv. Gagnvart daglegum rekstri sveitarfélaga er verið að horfa á aukin kostnað t.a.m. skóla- og tómstundaakstur, aðfangaflutninga o.fl. sem skilar sér þannig að gera þarf ráð fyrir hærri kostnaði í fjárhagsáætlunum sem verið er að vinna í þessar vikurnar fyrir komandi ár.

Það eru íbúar utan höfuðborgarsvæðisins, ekki síst íbúar Dalabyggðar sem verða fyrir barðinu af áhrifum gjaldsins frá ýmsum hliðum eins og tekið var fram í fyrrnefndri umsögn sveitarfélagsins. Lágmark er að þessi áhrif verði metin og greint hvaða kostnað er verið að leggja á íbúa á landsbyggðinni með þessari lagasetningu.

Dalabyggð vill einnig nýta tækifærið hér til að taka undir þau atriði sem sveitarfélagið Skagafjörður nefnir í umsögn sinni við málið í Samráðsgátt.

Eins og Skagafjörður nefnir er mikilvægt að ákvæði er varða dráttarvélar og þeirra not sé skýrt og taki tillit til þeirrar fjölbreyttu notagilda sem hægt er að hafa af vélunum. Taka verður tillit til landfræðilegrar legu landsins t.d. þegar horft er til hlutdeildar notkunar véla s.s. í snjómokstri og eins mikilvægi nýtingar þeirra við verktöku í landbúnaði.

Þá vill Dalabyggð taka undir athugasemd Skagafjarðar varðandi slökkvibifreiðar sveitarfélaga. Slökkvilið sinna lögbundnu öryggis- og neyðarhlutverki í almannaþágu. Akstur slökkvibifreiða er ekki valkvæð atvinnustarfsemi heldur partur af almannavörnum og ætti að sjálfsögðu að vera undanþegin kílómetragjaldi.

Það er kaldhæðnislegt að sveitarfélög séu hvött til að sýna ábyrgð í efnahagsmálum með því að halda aftur af gjaldskrárhækkunum til þess m.a. að mæta lögbundnum skyldum sínum en á sama tíma að vera skrifa umsögn við drög að frumvarpi til laga þar fram koma áætlanir um hækkun opinberra gjalda sem hafa eins víðtæk áhrifa á íbúa, innviði og rekstur sveitarfélaga á landsbyggðinni eins og Dalabyggð tiltók m.a. í fyrri umsögn og þeirri sem hér er skilað.

Jóhanna María Sigmundsdóttir
Staðgengill sveitarstjóra